

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 5. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0029
IAS

Efni: Sandártunga, efnistökusvæði – matskyldufyrirspurn.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 14. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna efnistökusvæðis við Sandártungu.

Fyrirhuguð er breyting á landnotkun í Sandártungu í Þjórsárdal þar sem hluti skógræktar- og landgræðslusvæðisins (SL17) verður breytt í efnistökusvæði. Efni verður unnið úr Búrfellshrauni sem verður sprengt og malað innan svæðisins og aðallega nýtt í breytingar á Þjórsárdalsvegi, grjótvörn og í nýjan Búðafossvæg. Heimilt verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á um 4 ha svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Búrfellshraun er runnið á nútíma og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Ekki er æskilegt að opna ný efnistökusvæði innan friðlýstra svæða og nýtt efnistökusvæðið í Sandártungu samræmist ekki friðlýsingaskilmálum um menningarlandslag í Þjórsárdal. Auk þess gengur breytingin gegn stefnu gildandi aðalskipulags en tekið er fram að unnið sé að því að breyta aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðið verður sett inn. Fram kemur að í valkosta-greiningu á mögulegum efnistökusvæðum í nágrenni við Þjórsárdalsveg árið 2023 hafi tvö önnur svæði komið til greina en þau ekki verið jafn heppileg. Ekki kemur fram hver hin svæðin eru en að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að bera saman fleiri staðsetningar fyrir efnistöku. Allmargar opnar bergnámur eru í Þjórsárhrauni sem hægt væri að nýta ef vilji er fyrir því að standa vörð um friðlýst menningarlandslag Þjórsárdals.

Gera þarf betur grein fyrir afrennsli af efnistökusvæðinu og hvort hætta sé á að mengun frá starfseminni berist út í Þjórsá.

Ekkert er minnst á fuglalíf í kafla 3.3 Vistgerðir og fuglalíf en efnistökusvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis - Suðurlandsundirlendi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er kannski ekki þörf á að framkvæmdin fari í fullt umhverfismat en þar sem framkvæmdasvæðið er a friðuðu svæði er nauðsynlegt að skoða fleiri efnistökekosti og bera þá saman.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur





**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 8. júlí 2024
2406085HS SHJ

Efni: Efnistökusvæði í Sandártungu, nr. 0778/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 14. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar efnistöku í Sandártungu í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Um er að ræða allt að 200.000 m³ efnistöku á um 4 ha svæði sem er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði, en unnið er að aðalskipulagsbreytingu þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistökusvæði. Efnið úr fyrirhugaðri námu verður aðallega nýtt af Vegagerðinni í breytingar á Þjórsárdalsvegi en að hluta til einnig í nýjan Búðafossvog og eftir atvikum í aðrar framkvæmdir innan sveitarfélagsins. Í valkostagreiningu, sem gerð var áður en tekin var ákvörðun um staðsetningu námunnar í Sandártungu, var skoðað hvort hægt væri að nýta efni úr núverandi námum eða stækka þær. Engar opnar bergnámur eru nálægt fyrirhugaðri framkvæmd við Þjórsárdalsveg og í núverandi námum er ekki að finna efni sem uppfyllir kröfur til vegagerðar og grjóttvarnar. Gerðar voru rannsóknir á berginu í Sandártungu árið 1996 og var þá áætlað að vinna allt að 25.000 m³ af sprengdu efni í tengslum við vegagerð í Þjórsárdal en náman var aldrei opnuð. Þó eru á svæðinu greinileg ummerki um efnistöku á sandi og vikri og lítilsháttar efnislosun á lífrænu efni.

Náman er staðsett á nútímahrauni í jaðri svæðis sem var friðlýst sem menningarlandslag í október 2020, í um 5-11 km fjarlægð frá fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Þá hefur Þjórsárdalur verið friðlýstur sem landslagsverndarsvæði vegna jarðfræðilegrar sérstöðu, fágæts, sérstaks og fagurs landslags ásamt náttúrufyrirbærum en mörk landslagsverndarsvæðisins liggja í um 5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Í nágrenni efnistökusvæðisins er m.a. tjaldsvæði, frístundabyggð og vinsælt útivistarsvæði.

Áætlaður vinnslutími námunnar er árin 2025-2027 en ekki verður um samfellda vinnslu að ræða. Gert er ráð fyrir að þykkt vinnslulags sé um 4-7 m, en náman stendur 6-10 m hærra í landinu en yfirborð Sandár og Þjórsár. Ekki er reiknað með að efni verði tekið niður fyrir vatnsborð Þjórsár og grunnvatnsborð er talið vera á um 9 m



dýpi. Ekki verður um neinar byggingar eða mannvirki að ræða, en yfirborð landsins verður lækkað á svæði sem er lítið sýnilegt frá nálægum vegum og gönguleiðum. Ásýndaráhrif efnistökkunnar eru talin vera takmörkuð þar sem náttúrulegur haunkantur sem og trjágróður á mörkum efnistökusvæðisins mun hindra sýn inn á það frá nálægðri byggð og vegi, en engin byggð eða vegur er handan Þjórsár þaðan sem svæðið gæti verið sýnilegt. Jafnframt mun gróður á svæðinu draga úr áhrifum hávaða og ryks frá svæðinu, en gert er ráð fyrir að um 10-15 vörubílar flytji efni úr námunni í allt að 200 ferðum á dag þegar mest lætur. Að lokinni efnistöku verður jarðvegi jafnað yfir svæðið eins og hægt er og því verður mögulegt að hefja þar skógrækt að nýju og færa þannig svæðið aftur í sambærilegt horf og það er nú.

Í umhverfismati voru metin áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina vistgerðir, jarðmyndanir, fornminjar, ásýnd og landslag, hljóðvist og loftgæði, útivist og samgöngur og umferð. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveruleg á umhverfisþættina vistgerðir, fornminjar, hljóðvist og loftgæði og útivist og óverulega neikvæð á jarðmyndanir. Þá eru áhrif á ásýnd og landslag metin nokkuð neikvæð í allra næsta nágrenni námunnar á meðan á efnistöku stendur en óveruleg að henni lokinni. Sömuleiðis eru áhrif efnistökkunnar metin talsvert neikvæð á samgöngur og umferð á meðan á framkvæmdum stendur en engin að framkvæmdum loknum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum, en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisáhrifa á meðan á efnistökunni stendur. Embættið telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu að miklu leyti tímabundin og/eða staðbundin í næsta nágrenni hennar og mögulegt að milda þau með góðum starfsháttum og góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þrátt fyrir staðsetningu innan verndarsvæða, sbr. tölul. 2. iii.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur og við frágang svæðis eftir að framkvæmdum líkur, s.s. fyrir verktakaaðstöðu og fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 10. júlí 2024
MÍ202407-0067/ 6.07 / K.M.

Efni: Efnistökusvæði í Sandártungu í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um fyrirspurn um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Fyrirhugað er að opna nýtt efnistökusvæði í Sandártungu í Þjórsárdal. Fyrirhugað efnistökusvæði er syðst í Sandártungu. Aðkoma að svæðinu verður af Þjórsárdalsvegi nr. 32. Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að haft verði samráð við Vegagerðina um vegtengingu að svæðinu. Svæðið er nánast flatt en hallar lítillega í átt að Þjórsá, sem er sunnan þess. Heimilað verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á u.þ.b. 4 ha svæði. Efnistökusvæðið er innan svæðis sem í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL17). Svæðið mun minnka um sem nemur stærð námunnar.

Fjallað er um fornminjar í kafla 3.5 í matsskyldufyrirspurn. Eins og þar kemur fram er fyrirhugað efnistökusvæði innan friðlýsts menningarlandslags í Þjórsárdal.

Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti friðlýsingu menningarlandslags í Þjórsárdal í október 2020. Um var að ræða mjög merkan áfanga í minjavörslu á Íslandi þar sem þá var í fyrst skipti friðlýst stórt svæði þar sem margar merkar minjar er að finna. Markmiðið með friðlýsingunni var að sameina sem minjaheild – menningarlandslagið sem varðveitir allar þær fornleifar í Þjórsárdal sem friðlýstar voru á þriðja áratug 20. aldar. Um er að ræða minjar 22 fornþýla í dalnum auk umhverfis þeirra sem og aðrar þær minjar sem nú eru aldursfriðaðar samkvæmt menningarminjalögum og umhverfi þeirra. Minjarnar og umhverfi þeirra myndar hið friðlýsta menningarlandslag sem búið er að afmarka og hnitsetja.

Haft var samband við Minjastofnun vegna óska um að staðsetja námu í Sandártungu, innan friðlýsta svæðisins. Stofnuni lagði til að náman yrði

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

staðsett vestan við Sandá, utan hins friðlýsta menningarlandslags. Í svörum fulltrúa framkvæmdaraðilans kom fram að verið væri að sækjast eftir efni í styrktar og burðarlög í fyrirhugaða vegagerð og að efni vestan Sandár uppfyllti ekki þær kröfur.

Minjastofnun féllst á efnistöku austan Sandár, innan hins friðlýsta menningarlandslags, með skilyrðum sem komu fram í bréfi minjavarðar Suðurlands til Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 16.01.2024. Þar segir: *Fornleifafræðingur sem þekkir til svæðisins verði fenginn til að ganga fyrirhugað framkvæmdasvæði og skrá minjar ef finnast. Hinsvegar verði fyrirhugað framkvæmdasvæði – lega þess – hannað með tilliti til minja sem nú eru þekktar. Ef fleiri minjar finnast við ítarskráningu þarf eðlilega að taka tillit til þeirra. Eins og fyrirhugað framkvæmdasvæði er sett fram á uppdrætti, dags. 27.11.2023, sem Minjastofnun barst, þann 29.12.2023, fer fyrirhugað framkvæmdasvæði töluvert inn á helgunarsvæði fornleifa ÁR-263:043. Þetta þarf að laga: syðst á áætluðu framkvæmdasvæði er tóft ÁR-263:052 (Garðlag/skotbyrgi) en þar hefur framkvæmdareiturinn verið nokk þræddur meðfram helgunarsvæði minjanna sem er vel. Hið sama þyrfti að gera í grennd tóftar sem er nokkru norðvestar, ÁR-263:043 (Garðlag/rétt). Þar þyrfti að færa NV-horn fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis til suðausturs, út undir mörk helgunarsvæðis minjanna.*

Í framhaldinu voru mörk efnistökusvæðisins löguð að friðhelgunarsvæði þekktu fornleifanna í nágrenni þess.

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurninni var efnistökusvæðið kannað af fornleifafræðingi í samræmi við kröfur minjavarðar Suðurlands. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Deiliskráning í Sandártungu í landi Skriðufells vegna efnistöku*. Tvær áður óþekktar fornleifar fundust. Önnur, tóft (ÁR-263:053), vestarlega á norðurjaðri efnistökusvæðisins og hin, garðlag (ÁR-263:054) við suðvesturjaðar efnistökusvæðisins.


Nýlega fékk Minjastofnun tillögu að breytingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps til umsagnar. Breytingin felst í að afmarka svæði fyrir nýja námu í Sandártungu. Í greinargerð tillögunnar kom m.a. fram að fornleifaskráning myndi fara fram áður en efnisvinnsla hæfist. Ef áður óþekktar minjar kæmu í ljós yrði staðsetning efnistökusvæðis endurskoðað. Ef þess yrði talin þörf yrði minjar merktar til að forðast að raska þeim.

Í matsskyldufyrirspurninni segir að ákvörðun um tilhögun framkvæmda og mögulegar mótvægisáðgerðir verði teknar í samráði við Minjastofnun.

Minjastofnun vekur athygli á að í raun njóta þessar nýfundnu fornleifar sama réttis og aðrar fornleifar innan hins friðlýsta menningarlandslags. Stofnunin hefur áður fallist á að efnistaka fari fram á þessu tiltekna svæði innan friðlýsta svæðisins. Ljóst er þó að gera verður ráðstafanir til að hinar nýfundnu fornleifar raskist ekki vegna efnistökkunnar. Færa þarf mörk efnistökusvæðisins fjær fornleifunum og girða þær af á meðan á efnistökkunni stendur til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá. Hafa þarf samráð við minjavörð Suðurlands um nýja afmörkun efnistökusvæðisins á þessum stöðum og um uppsetningu girðingar þeim til varnar.

Að því gefnu að gengið verði að þeim kröfum sem fram koma hér að ofan telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri



Árnesi, 23. ágúst 2024

Fundanúmer: F202408-0033

Skipulagsstofnun
Bt. Jakob Gunnarsson

Á 49. Sveitarstjórnarfundum Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 21.8.2024 var eftirfarandi bókað:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um fyrirhugað efnistökusvæði í Sandártungu.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða efnistöku í Sandártungu.

Axel Á Njarðvík sat hjá afgreiðslu málsins og bókaði eftirfarandi: Ég er á móti því að heimiluð sé umfangsmikil efnistaka á svæði sem er friðlýst menningarlandslag og náttúrufyrirbæri sem njóti sérstakrar verndar.

Það tilkynnist hér með

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Hrönn Jónsdóttir